

356. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 16:00.



Mætt af hálfu framkvæmdastjórnar ÍSÍ: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímísson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Steinunn Anna Í. Tómasdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll: Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.

Framkvæmdastjóri fór af fundi strax í upphafi til að ávarpa á ársþingi Fimleikasambands Íslands fyrir hönd ÍSÍ og kom aftur inn á fund 17:20.

Forseti setti fund og stjórnaði honum. Frestaði hann þeim fundarliðum sem framkvæmdastjóri hafði framsögu um og því fylgir röðun fundarliða ekki framlagðri dagskrá.

Dagskrá:

1. Fjármál

Gjaldkeri hafði framsögu um eftirfarandi málefni.

Rekstur ÍSÍ fyrstu 3 mánuði ársins

Gjaldkeri skýrði frá því að rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins væri í jafnvægi. Farið verður betur yfir ársfjórðungsuppgjör á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Uppfærð fjárhagsáætlun

Þessum lið var frestað til næsta fundar framkvæmdastjórnar þar sem enn á eftir að vinna betur kostnaðarþætti vegna svæðisskrifstofa.

Lottóskipting til sérsambanda ÍSÍ – minnisblað frá fjármálaráði ÍSÍ

Gjaldkeri fór yfir mistök sem urðu vegna útreiknings á skiptingu lottós og vísaði til minnisblaðs sem lá fyrir fundinum þar að lútandi.

Við úthlutunina voru notaðir fimm þættir sem talið var að gæfu góða mynd af umfangi og stærð sérsambanda en 85% af úthlutun til sérsambanda skal fara eftir umfangi og stærð þeirra skv. 4. gr. Úthlutunarreglna um Lottó. Þeir þættir voru kynntir á Formannafundi ÍSÍ sem fram fór í nóvember 2023 og var þar gerð grein fyrir því að fjármálaráð ÍSÍ væri að skoða þá sem grundvöll þess að meta umfang og stærð sérsambanda. Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust eftir fundinn var forsendum fækkað og hlutföllum breytt lítillega. Fjármálaráð kynnti jafnframt að ekki yrði um neinar afgerandi breytingar í úthlutun á milli ára, þannig að breyttar forsendur kæmu ekki til framkvæmda að fullu strax á fyrsta ári.

Til að draga úr miklum sveiflum á milli ára var ákveðið að dreifa áhrifum breytinga á fjögur ár, þannig að eingöngu 25% af breytingu frá síðasta ári kæmi til hækkunar eða lækkunar árið 2024.

Í lokafrágangi við tillögur fjármálaráðs olli misskilningur því að 25% breytingin var reiknuð með öðrum hætti en til stóð. Í stað ofangreinds var breytingin reiknuð með sama hætti og við úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ, sem ekki stóð til að gera, en þar var unnið út frá því að ekkert sérsamband fengi meira en 25% skerðingu.

Framkvæmdastjórn samþykkti uppfærða skiptingu lottós til sérsambanda, sbr. eftirfarandi töflu:

	Nýtt	Fyrri
AKÍS	1.13%	1.25%
BFSÍ	1.41%	1.63%
BLÍ	4.07%	4.41%
BSÍ	2.96%	2.91%
BTÍ	0.82%	0.94%
DSÍ	1.92%	2.21%
FRÍ	5.02%	4.59%
FSÍ	7.28%	7.42%
GLÍ	0.82%	0.94%
GSÍ	7.56%	8.56%
HNÍ	1.01%	1.06%
HRÍ	1.43%	1.68%
HSÍ	7.82%	6.33%
ÍF	1.60%	1.88%
ÍHÍ	2.71%	2.25%
ÍSS	1.49%	1.20%
JSÍ	1.62%	1.72%
KAÍ	1.69%	2.00%
KÍ	1.04%	0.94%
KKÍ	7.09%	6.62%
KLÍ	1.51%	1.28%
KRA	1.65%	1.85%
KSÍ	10.18%	10.42%
LH	5.32%	5.83%
LSÍ	1.39%	1.55%
MSÍ	1.27%	1.25%
SÍL	0.89%	0.94%
SKÍ	4.72%	3.89%
SKY	1.51%	1.28%

SSÍ	5.08%	4.86%
STÍ	2.22%	2.31%
ÞRÍ	1.01%	1.06%
TKÍ	1.43%	1.68%
TSÍ	1.32%	1.28%
	1.00	100.00%

2. Skipan fulltrúa ÍSÍ í starfshóp heilbrigðisráðuneytis um úthlutun hjálpartækja.

Tekið fyrir bréf heilbrigðisráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningu frá ÍSÍ í starfshóp um úthlutun hjálpartækja. Í samráði við Íþróttasamband fatlaðra var samþykkt að tilnefna Önnu Karólínu Vilhjálmisdóttur og Geir Sverrisson sem fulltrúa ÍSÍ. Ráðuneytið mun velja annað þeirra í hópinn.

3. Skipan fulltrúa ÍSÍ í þrjá rýnihópa um stefnu barna og framkvæmdaáætlun um verkefni ríkisins er varða farsæld barna.

Tekið fyrir bréf mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningum frá ÍSÍ í þrjá rýnihópa. Samþykkt að tilnefna eftirtalda í eftirfarandi hópa:

- *Heilsa og vellíðan* - Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- *Lífsgæði og félagsleg staða* - Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
- *Þátttaka og félagsleg tengsl* - Garðar Svansson

4. Erindi til ÍSÍ:

Lögð fram eftirfarandi samþykkt frá ársþingi HSH:

„83. sambandsþing HSH, haldið á Lýsuhóli 11. apríl 2024, þakkar stjórn og starfsfólki Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. „

5. Persónuverndarstefna ÍSÍ

Forseti skýrði frá því að ábending hafi borist frá Advania, sem aðstoðuðu ÍSÍ við gerð persónuverndarstefnu og persónuverndarmála á sínum tíma, um styttingu á varðveislutíma upplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Hefur tíminn verið stytur úr 90 dögum í 30 daga.

Lögð fram tillaga um breytingu á persónuverndarstefnu ÍSÍ í samræmi við þessa breytingu. Breyting er gerð á síðustu setningu 5. greinar, um varðveislutíma.

Persónuverndarstefna ÍSÍ með ofangreindri breytingu samþykkt samhljóða.

Skrifstofu falið að upplýsa sambandsaðila um þessa breytingu og hvetja þá til uppfærslna á persónuverndarstefnum, til samræmis.

6. Úrskurður um frávisun kæru KSÍ vegna úthlutunar Afrekssjóðs ÍSÍ

Forseti upplýsti um úrskurð um frávisun kæru KSÍ til mennta- og barnamálaráðuneytis vegna úthlutunar Afrekssjóðs ÍSÍ.

Úrskurðurinn féll 11. mars sl. en þar kemur meðal annars fram að ráðuneytið fallist ekki á að Afrekssjóður ÍSÍ sé opinber sjóður sem almennar reglur stjórnsýsluréttar eiga við um. Í því sambandi er m.a. bent á að þó að ríkið leggi ÍSÍ til styrk til að styðja við afreksíþróttir þá er Afrekssjóður ekki rekinn eingöngu á framlögum frá ríkinu.

Hvað varðar tilvísun KSÍ til samnings um fjármögnun Afrekssjóðs ÍSÍ leggur ráðuneytið áherslu á að hann fjallar um fjárhagslegan stuðning ríkisins við Afrekssjóðs ÍSÍ en ekki efnislega um úthlutun úr sjóðnum.

Ráðuneytið fellst ekki á að ákvarðanir um úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ falli undir gildissvið stjórnsýslulaga. Á kæruehimild 27. gr. Stjórnsýslulaga því ekki við um slíkar ákvarðanir. Þá fær ráðuneytið ekki séð að eðli samningsambands ráðuneytisins við ÍSÍ vegna fjárhagslegs stuðnings ríkisins við Afrekssjóð ÍSÍ leiði til þess að ráðuneyti beri að endurskoða einstaka úthlutanir úr sjóðinum. Niðurstaða ráðuneytisins er að ákvörðun um að synja KSÍ um úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ sé ekki kæranleg til ráðuneytisins. Ráðuneytið telur enn fremur að erindi KSÍ gefi hvorki tilefni til viðbragða á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, né samninga ráðuneytisins við ÍSÍ.

7. Aðalfundur GSSE

Forseti skýrði frá aðalfundi GSSE sem fór fram í Andorra 10. maí sl. Forseti og framkvæmdastjóri sóttu fundinn og samhliða fór fram fundur tækninefndar GSSE sem Olga Bjarnadóttir sótti. Töluverðar breytingar voru gerðar á lögum GSSE, sem og tæknireglum leikanna. Einnig var merki samtakanna breytt þannig að nú eru níu hringir í merkinu sem tákna allar þjóðirnar í GSSE. Á aðalfundinum var samþykkt að bæta við keppni í áhaldafimleikum á leikunum í Andorra árið 2025.

8. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ

Forseti skýrði frá stöðu mála. Búið er að taka viðtöl við alla umsækjendur í stöður starfsfólks svæðaskrifstofanna og stefnt er að formlegum ráðningum á næstunni. Áætlað er að fyrstu aðilar hefji störf í júní og að allir verði komnir til starfa í byrjun ágúst.

Með tilvísun í fyrri ákvarðanir framkvæmdastjórnar ÍSÍ og stjórnar UMFÍ um frestun gildistöku nýrrar reglugerðar um skiptingu lottós og með hliðsjón af ofangreindu, er forseta og framkvæmdastjóra falið að hafa samráð við forystu UMFÍ um að gildistöku nýrrar reglugerðar verði frestað til 1. júlí nk.

9. Málefni afreksíþróttar

Starfshópur mennta- og barnamálaráðuneytis skilaði af sér lokaskýrslu 30. apríl sl. Í þeirri skýrslu komu fram ýmsar tillögur er varða umgjörð afreksíþróttar og hvernig hægt er að bæta hana hér á landi. Forseti fjallaði um næstu skref í málinu, svo sem mikilvægi þess að vera áfram í góðu samstarfi við stjórnvöld þannig að hægt verði að koma fjárveitingum í þetta verkefni inn í fjármálaáætlun og fjárlög næstu ára. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að íþróttahreyfingin beiti sér í málinu sem ein rödd.

Verið er að setja á fót þverpólitískan vinnuhóp, skipaðan fulltrúum allra stjórnsmálaflakka á Alþingi, til þess að vinna að framgangi málsins og fjárveitingum til þess en auk þess er nauðsynlegt að íþróttahreyfingin móti frekari aðgerðir í þessum málum.

Umræða varð um uppbyggingu þjóðarhallarinnar og fjármögnun hennar en gert er ráð fyrir um 15 milljörðum til þeirrar framkvæmdar í fjármálaáætlun.

Umræður urðu um skipulag og nýtingu hallarinnar fyrir íþróttahreyfinguna.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 354. og 355. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundar laganefndar ÍSÍ frá 7. maí sl.
Hafsteinn Pálsson kynnti fylgdi úr hlaði tillögum laganefndar ÍSÍ um afgreiðslu mála. Tillögurnar samþykktar.
- 314. og 315. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ
Þórey Edda Elísóttir skýrði umfjöllun í fundargerð 315 sem tengjast FSÍ og þær skilgreiningar sem þar koma fram. Afrekssjóður leggur ekki til breytingar á fyrri styrkúthlutunum. Þá kynnti hún tillögur sjóðsstjórnar um niðurfellingar vegna ársins 2022. Tillögurnar samþykktar.
- Samantekt skrifstofu ÍSÍ

11. Heiðranir

Teknar fyrir tilnefningar frá Íþróttasambandi fatlaðra um heiðranir í tilefni af 50 ára afmælis Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík (ÍFR):

Samþykkt að veita eftirtöldum einstaklingum Gullmerki ÍSÍ vegna starfa þeirra í þágu fatlaðs Íþróttafólks:

Garðar Steingrímsson, Óskar Elvar Guðjónsson, Eiríkur Ólafsson, Þórður Ólafsson og Kristján Jónasson. Allir hafa þeir sinnt ábyrgðarstöðum í félaginu um langt árabil.

Heiðursviðurkenningarnar verða veittar á aðalfundi félagsins sem haldinn verður á 50 ára afmælisdegi þess 30. maí nk.

12. Samantekt skrifstofu

Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta úr starfsemi skrifstofu.

Skipt hefur verið um dómsformann dómstóls ÍSÍ. **Halldór Frímannsson** hefur tekið við af Gunnar Guðmundssyni sem sinnt hefur embættinu um langt árabil.

Hann fór einnig yfir samantekt Helgu Þórðardóttur lögfræðings á dómi sem féll 30. apríl sl. í máli 2/2024 hjá dómstól ÍSÍ. Unnið er að því að send verði samantekt til sambandsaðila úr dómum sem falla hjá dómstólum ÍSÍ, ef ástæða þykir til.

Ráðið hefur verið í nýja stöðu hjá EOC, framkvæmdastjórastöðu (CEO). Jan Lehmann frá Þýskalandi var ráðinn í stöðuna og hefur þegar hafið störf.

13. Ólympíuleikarnir í París 2024

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu stöðu mála. Aðkoma framkvæmdastjórnar ÍSÍ að Ólympíuleikunum rædd en horft er til þess að stjórnarfolk fái tækifæri til að upplifa leikana með sama hætti og á ÓL í London 2012.

Framkvæmdastjóri ræddi Ólympíuhóp ÍSÍ og mögulegan fjölda keppenda á leikunum og eins á Paralympics sem haldnir verða í kjölfarið af Ólympíuleikunum. Verið er að leggja lokahönd á skráningu opinberra aðila á leikana. Annar undirbúningur er á áætlun. Fundað hefur verið með fulltrúa Ríkislögreglustjóra og sendiráði Íslands í París vegna öryggismála.

14. Staða hnefaleikaíþróttarinnar

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála.

IBA hefur verið vísað út úr IOC vegna stjórnarháttá. IOC hefur annast skipulag og undirbúning hnefaleikakeppninnar á ÓL í París. IOC hefur gefið það út að það muni ekki sjá annast þessi mál fyrir næstu leika og er fyrirsjáanlegt að hnefaleikaíþróttin er í mikilli óvissu varðandi ÓL 28.

World Boxing er nýtt samband sem eru að vinna að því að koma í stað IBA en þarf að vera komið með 80 aðildarþjóðir í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 til að fá staðfestingu frá IOC, sem er ærið verkefni. IBA er áfram starfandi, utan IOC, og ruggar bátnum með peningum og völdum innan íþróttarinnar og mótahaldi með peningaverðlaununum.

Spurning verður um stöðu hnefaleikaíþróttarinnar hér á landi og HNÍ sem sérsambands ef ekkert alþjóðasamband verður viðurkennt af IOC, þ.e. ef World Boxing tekst ekki að uppfylla skilyrði IOC á þeim tímamörkum sem eru gefin. WADA getur einungis viðurkennt eitt alþjóðasamband í senn um hverja íþrótt.

Framkvæmdastjórn staðfesti að staða Hnefleikasambands Íslands sé með óbreyttum hætti fram yfir fyrsta ársfjórðung 2025.

15. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

16. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 20. júní, 4. júlí og 12. september nk.

17. Önnur mál

Frá ársþingum sambandsaðila

Rætt um ársþing sem hafa verið.

Aðild sérsambanda að alþjóðasamböndum

Rætt um aðild sérsambanda að alþjóðasamböndum. Nokkur sérsambönd eru aðilar að fleiri en einu alþjóðasambandi með heimild frá ÍSÍ en einnig eru einhver sem hafa ekki leitað eftir heimild frá ÍSÍ. Ljóst er að skýra þarf í lögum ÍSÍ hverjar heimildir sérsambanda eru í þessum efnum og skilgreina betur fyrirkomulag um viðurkenningu íþróttar eða alþjóðasambands, til samræmis við samþykkt framkvæmdastjórnar ÍSÍ á síðasta ári um breytt fyrirkomulag þar að lútandi.

Vinnuhópur um hegðun áhorfenda á kappleikjum

Viðar Garðarsson ræddi slæma hegðun áhorfenda á kappleikjum í garð dómara.

Umræður urðu um málið. Samþykkt að skipa Viðar Garðarsson til að leiða vinnuhóp, ásamt Kára Mímíssyni, með aðkomu nokkurra sérsambanda, til að greina stöðuna og koma með tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

Íþróttamannanefndir Norðurlanda

Kári Mímisson skýrði frá umræðum meðal íþróttamannanefnda Norðurlanda þar sem fram komu áhyggjur af niðurstöðu WADA í málum 23ja kínverskra sundmanna sem féllu á lyfjaprófi en voru ekki settir í bann þar sem talið var að lyfin hefðu borist í sundmennina óviljandi með matvælum af hótelinu.

Fundur ungs stjórnarfólks

Kári Mímisson sótti fund ungs stjórnarfólks í íþrótt- og Ólympíusamtökum í Evrópu sem haldinn var í Portúgal í apríl. Þar kom fram að tiltölulega fáir aðilar undir fertugu sitja í stjórnnum æðstu íþrótt- og ólympíusamtaka í Evrópu.

Lagabreytingar

Hafsteinn Pálsson lagði til að fyrirhugaðar breytingar á lögum ÍSÍ á næsta íþróttþingi verði kynntar á Formannafundi ÍSÍ í nóvember næstkomandi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Steinunn Anna Í. Tómasdóttir, fundarritari